

Hafnarfirði, 14. maí 2020

Umsögn vegna óverulegrar breytingar – grenndarkynningar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga vegna heimildar til að leyfa gististaði í flokki II í Sléttuhlíð.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs dags. 19.11.2019 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var að skipulagsfulltrúa falið að kanna afstöðu sumarhúsa eigenda í Sléttuhlíð til þess að heimilað verði að veita gistiaðstöðu í flokki II á svæðinu.

Erindið var kynnt fyrir eigendum og bárust athugasemdir.

Á fundi þann 24.mars. sl. var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar þar sem bætt yrði inn í greinagerðina heimild til að veita gistiaðstöðu í flokki II í frístundabyggðinni í Sléttuhlíð. Það kom fram í kynningargögnum að þeir sem hefðu gert athugasemdir á fyrri stigum þyrftu ekki að skila inna aftur sínum fyrri ábendingum.

Engar nýjar athugasemdir hafa borist nema að ein athugasemd var aftur send inn.

10 athugasemdir bárust í fyrri kynningunni og voru 5 sem höfðu jákvætt viðhorf gagnvart þessari breytingu og 5 sem lýstu sig á móti.

Ef skoðaðar eru þær athugasemdir sem voru með neikvæð viðhorf kemur fram að eigendur vilja vernda þessa náttúruperlu, hafa stöðuna óbreytta þar sem svæðið er vinsæl fjölskylduparadís og að gisting ferðamanna myndi auka á ágang og athygli. Eins kemur fram að svæðið eigi einungis að vera fyrir sumarhúsa byggð og með auknu magni ferðamanna mun verða hætt á ágengni þar sem reynslan hefur sýnt að ferðamenn sýna engin mörk og vaða um allt. Þá kemur einnig fram að fram að Sléttuhlíðin sé kyrrlátt og fallegt svæði og það væri synd að spilla þessu fallega útivistarsvæði.

Ef skoðaðar eru jákvæð viðhorf til starfseminnar kemur í ljós að sá aðili sem hefur rekið gistipjónustu í Sléttuhlíð hefur af henni góða reynslu og hafa umsagnir gesta verið góðar þar sem um er að ræða gesti sem sækja í náttúruupplifun í jaðri þéttbýlis.

Hér er hægt að sjá viðbrögð ferðamanna yfir dvöl sinni í Sléttuhlíð.

https://www.airbnb.is/rooms/plus/13190867?set_beve_on_new_domain=1589454246_ZGE2NjZIY2IzMTNk&source_impression_id=p3_1589454245_z0pEFy%2FqKzLE18of&guests=1&adults=1

Þarna kemur í ljós að þeir gefa þessu svæði úrvals einkunn og eru einstaklega ánægðir með dvöl sína á þessum fallega stað.



Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs.

Ekki verður séð í fljótu bragði að innkomnar athugasemdir breyti í stórum dráttum því svæði sem Sléttuhlíðin er í dag, með tilkomu þessa leyfis. Um er að ræða örfáa sumarbústaðeigendur sem leigja út hús sín og ekki er vitað um kvartanir vegna ferðamanna sem hafa dvalið á staðnum hingað til.

Frístundabyggðin er umkringd góðum útivistarsvæðum og er í gildandi deiliskipulagi lögð áhersla á útivistargildi og fallegar gönguleiðir enda er svæðið sérstaklega fallegt og laðar til sín fólk í stórum stíl og ekki er óeðlilegt að ferðamenn sæki í slíkt umhverfi.

Á svæðinu eru ferðaþjónustufyrirtæki sem bjóða uppá útreiðatúra og einnig eru fyrirtæki með norðurljósa- og stjörnuskoðunarferðir, hellaferð í Leiðarenda og einnig má nefna að Helgafell er það fjall sem laðar til sín fjölda göngufólks allan ársins hring. Allt eru þetta staðir í nágrenni Sléttuhlíðar.

Í ferðamálastefnu Hafnarfjarðar kemur fram að stefnt skuli að því að kynna bæinn og nágrenni hans sem kjörin og eftirsóttan áfangastað fyrir ferðamenn árið um kring og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun þeirra sem hingað koma.

Að bjóða uppá gistingu í Sléttuhlíð fyrir ferðamenn styrkir enn frekar þær áherslur sem fram koma í umræddri stefnu og enn fremur myndi hún styrkja þá ferðamennsku sem þarna er í dag.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar